

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda). Þskj. 741 – 424. mál.

Samtök fiskvinnslustöðva (SF) áréttta fyrri umsagnir um byggðakvóta í lögum um stjórn fiskveiða. SF er þeirrar skoðunar að tilfærsla aflaheimilda frá heildarafla með sérstökum heimildum ráðherra til að ráðstafa afla í sérstaka eða nýja úthlutunarpotta framhjá aflamarkinu sé verið að skerða aflaheimildir í aflamarkinu og það er andstætt hagsmunum flestra félagsmanna SF.

SF telur aftur á móti eðlilegt að úthlutaður byggðakvóti sé nýttur innan ársins enda er honum ætlað að bregðast við minnkandi hráefni til vinnslu í byggðalögum á ákveðnu tímabili.

Að framansögðu gerir SF ekki frekari athugasemdir við 1. gr.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins.

Með hliðsjón að aðstæðum í þjóðfélaginu í kjölfar banka- og efnahagshruns gerir SF ekki athugasemd við tímabundið ákvæði skv. 2. gr.

Frekari skýringa er þörf á 2. gr. frumvarpsins. Efnislega kveður greinin á um að óheimilt verði að framselja eða ráðstafa aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum/byggðarlögum á ákveðnu tímabili hjá gjaldþrota einstaklingum og fyrirtækjum og gildir það sama fyrir þá aðila sem fengið hafa heimild til greiðslustöðvunar.

Miðað er við 20% aflaheimilda eða meira í viðkomandi sveitarfélagi/byggðalagi. Óljóst er hvernig framkvæmdin verður í raun og ekki er skýrt í frumvarpinu hvort átt er við 20% af heildaraflamarki í byggðalaginu/sveitarfélaginu yfir hvert fiskveiðiár eða allt tímabilið. Til þess að taka af tvímæli í þeim efnum er nauðsynlegt að gera textann skýrari.

Virðingarfyllt,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva



Guðbergur Rúnarsson